

61. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 6. október 2004 kl. 18.00 í fundarsal Ráðhússins. Mætt voru Gretar D. Pálsson, Dagný Þórisdóttir, Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Lóðarumsókn Atlantsolíu, Stefán Kjærnested.
Lagt er til að Atlantsolíu verði úthlutað lóð fyrir sjálfsafgreiðslu eldsneytis við Aðalgötu í suðvestur við afleggjara að golfskála.
2. Umsókn frá Kristni Þ. Bjarnasyni Laufásvegi 3 um að byggja bílskúr á lóð sinni samkvæmt teikningu, dags. sept. '04, ásamt að fá afnot af landi neðan við lóðina. Afgreiðslu frestað.
3. Ólíuverslun Íslands, Hafsteinn Guðmundsson sækir um innanhússbreytingar á þjónustubyggingu við Aðalgötu samkvæmt bréfi dags. september '04. Samþykkt. Byggingarleyfisgjöld kr. 3.000.
4. Björg Kristín Finnbogadóttir, Skólastíg 15 sækir um að byggja sólpalla og skjólgirðingar ásamt heitum potti, skv. bréfi og uppdrætti dags. 10.9.04. Samþykkt. Byggingarleyfisgjald kr. 3.000.
5. Bréf frá sóknarnefnd Stykkishólmskirkju, dags. 13.2.2004., þar sem óskað er eftir stækkun á kirkjugarði.
Bjarnfríður greindi frá að sóknarnefnd fundaði með Guðmundi Rafni Sigurðssyni, umsjónarmanni kirkjugarða. Niðurstaðan var að Guðmundur Rafn mun leggja fram lauslega tillögu að stækkun garðsins ásamt kostnaðaráætlun, okkur að kostnaðarlausu.
Áætlað er að tillaga verði tilbúin um áramót.
6. Elís Pétur Elísson óskar eftir að skoðaður verði möguleiki á að fá úthlutað lóð sem áður var eldri vatnstankur bæjarins, skv. bréfi dags. 15.9.04.
Erindinu synjað, svæðið er áætlað fyrir vatnsveitu bæjarins.
7. Óleyfisstaðsetning stórra bíla og vinnuvéla verktaka á hafnarsvæði, samkvæmt athugasemdum í tölvupósti frá Símoni Sturlusyni, formanni hafnarnefndar.
Tekið er undir erindi Símonar og því beint til bæjarstjórnar að lögreglusamþykkt verði endurskoðuð með tilliti til þessa erindis.
8. Afmörkun lóðar að Skúlagötu 10 að beiðni Ævars Hallgrímssonar og breyting úr viðskipta- og þjónustulóð í íbúðarhúsalóð.
Samþykkt. Leyfisgjald kr. 10.000.

9. Breyting á lóðarmörkum Aðalgötu 4. Samþykkt.
10. Húsnúmeraröðun á nýbyggingum við Laufásveg samkvæmt deiliskipulagi. Samþykkt að hafa eingöngu oddatölur á nýju lóðunum.
11. Fyrirspurn fyrir hönd lóðarhafa frá Bæring B. Jónssyni, um leyfi fyrir uppbyggingu á íbúðasvæði við Borgarbraut samkvæmt tillöguteikningu og tölvupósti dags. 5.10.04.
Tekið er vel í erindið og mælt með að unnin verði deiliskipulagstillaga.
12. Erindi frá SS-veitingum ehf., Sæþóri H. Þorbergssyni um að staðsetja 20 feta gám við Narfeyrarstofu Aðalgötu 3, skv. afstöðumynd og bréfi dags. 6.10.04.
Samþykkt að veita stöðuleyfi með því skilyrði að gámur falli að skjólvegg.

Þorbergur Bæringsson vék af fundi undir liðum 11. og 12.
13. Lagður fram tölvupóstur, dags. 5.10.04 frá Markúsi Einarssyni, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra farfugla þar sem óskað er eftir fresti til 15. október til að skila inn athugasemdum vegna hagsmunaaðilakynningar um breytingar á umferðamálum við Höfðagötu. Samþykkt.
14. Aðalgata-deiliskipulag á reitum L, M og N.
Samþykkt að húsagerð á reitum, L, M og N við Aðalgötu verði upp á eina hæð en að öðru leyti verði skilmálar óbreyttir.
15. Dagný Þórisdóttir greindi frá drögum að framkvæmdaáætlun fyrir Green Globe 21 verkefnið.
Sveitarfélög á Snæfellsnesi fái viðurkenningu fyrir sjálfbæra þróun á ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
Samþykkt að taka málið upp á næsta fundi.

Fleira var ekki rætt.
Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 20.05.

Gretar D. Pálsson (sign.),
Þorgrímur Kristinsson (sign.),
Dagný Þórisdóttir (sign.).

Íhs.